

# Starfsáætlun Skólaþjónustu Grindavíkurbæjar 2020-2021

Hér ber að líta fjórðu starfsáætlun skólaþjónustu Grindavíkurbæjar. Hún er sett fram í þeim tilgangi að marka stefnu og leiðir í verkefnum, að gera íbúum sveitarfélagsins grein fyrir starfinu og til að leggja mat á þjónustuna að loknu starfsári.

## Efnisyfirlit:

1. Hagnýtar upplýsingar .....	1
1.1. Starfsmenn .....	1
1.2. Viðvera starfsmanna í skólum .....	1
2. Markmið og leiðir .....	1
2.1. Samvinna .....	2
2.2. Forvarnarstarf.....	2
2.3. Þjónustuteymi og úrræði/tillögur í kjölfar greininga.....	3
3. Símenntun .....	3
4. Mat á skólastarfi .....	3
5. Fræðslunefnd .....	4

# 1. Hagnýtar upplýsingar

Félagsþjónustu- og fræðsluvið er eitt af fimm sviðum í stjórnsýslu Grindavíkurbæjar. Sviðsstjóri er Nökkvi Már Jónsson. Árið 2015 var gerð skipulagsbreyting á sviðinu. Því var skipt upp þannig að skólaþjónustan er aðgreind frá félagsþjónustu sveitarfélagsins og almennum rekstri skólanna. Teymisvinna er áfram grundvöllur samstarfs innan sviðsins og aðstaða öll á sama stað. Skólaþjónustan starfar með fræðslunefnd.

## 1.1. Starfsmenn

Þrír starfsmenn verða í 2,6 stöðugildum í skólaþjónustu fyrir utan sviðsstjóra. Að auki er sálfræðingur í verktöku með óreglulega viðveru eftir verkefnum.

Starfsmenn eru:

- Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri
- Ingibjörg María Guðmundsdóttir, yfirsálfræðingur
- Sigurlína Jónasdóttir, leikskólaráðgjafi og sérkennari
- Hildigunnur Kristinsdóttir, talmeinafræðingur
- Inga Guðlaug Helgadóttir, sálfræðingur í verktöku

## 1.2. Viðvera starfsmanna í skólum

Starfsmenn skólaþjónustu sinna verkefnum sínum í skólunum ef því verður við komið og eru með viðveru á ákveðnum dögum ef aðstaða leyfir.

Viðvera í leikskólum:

Sigurlína er í Laut 1.og 3. þriðjudag f.h. og í Króki 2. þriðjudag í mánuði.

Hildigunnur er alla fimmtudaga í leikskólunum á víxl, mánuð í senn á hvorum.

Viðvera í Hópsskóla:

Ingibjörg fyrsta og þriðja mánudag í mánuði (fyrir hádegi), auk tilfallandi verkefna.

Sigurlína er í skólanum vegna tilfallandi verkefna.

Hildigunnur er í grunnskólanum á miðvikudögum, flesta í Hópsskóla en Ásabraut eftir þörfum.

Viðvera í lðu: Ingibjörg María annan og fjórða hvern þriðjudag í mánuði (fyrir hádegi), auk tilfallandi verkefna.

Í viðveru er leitast við að hafa aðgengi að starfsfólki skólaþjónustu til ráðgjafar.

Ingibjörg María situr í nemendaverndarráði og mætir á Ásabraut fyrsta og þriðja miðvikudag vegna þessa. Til vara er Sigurlína.

Í skólastefnu er áhersla á að starfsfólk skóla hafi greiðan aðgang að stoðþjónustu. Með skipulegri viðveru og auðveldu aðgengi er verið að styrkja ráðgjöf til kennara og samráð við starfsfólk skóla þannig að ráðgjöfin nýtist í námsumhverfi barna.

## 2. Markmið og leiðir

Út frá niðurstöðum úttektar á skólaþjónustu Grindavíkurbæjar, skólastefnu og hlutverki skólaþjónustu er sett niður markmið og verkefni í þeim tilgangi að þjónustan verði sem best fyrir starfsfólk skóla og fjölskyldur í Grindavík.

## 2.1. Samvinna

Ein af áherslum í skólastefnu Grindavíkurbæjar og reglugerðum um skólahald er að styrkja faglega samvinnu stjórnenda. Í úttekt á skólaþjónustu kemur fram tillaga um að þróa og samhæfa samstarf skóla-, félagsþjónustu og heilsugæslu. Einnig er þar áhersla á að stilla saman strengi allra stofnana sem er í anda einkenna lærdómssamfélagsins um sameiginleg gildi og framtíðarsýn ásamt styðjandi umhverfi.

Til að mæta þessum áherslum er stefnt að því að:

Samráðsfundur verði milli starfsmanna skólaþjónustu stoðþjónustu skólanna að hausti. Tilgangurinn er að skýra vinnulag, verklag og verkefni milli aðila og efla samstarf.

Samtal verði við stjórnendur að vori um áætluð þróunarstörf skólanna næsta skólaár og mögulega aðkomu skólaþjónustu.

Skipuleggja fundi með stjórnendum leik- og grunnskóla.

Stjórnendur grunnskóla, ágúst, nóvember og febrúar

Stjórnendur leikskóla september, janúar, apríl

Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar leik- og grunnskóla haust og vor

Skólastjórar grunnskóla og tónlistarskóla að vori til undirbúnings næsta skólaárs.

Samráðsfundur stjórnenda leik-, grunn og tónlistarskóla og foreldraráðs verði um skipulagsdaga.

Árlegur fundur með félagsþjónustu, skólaþjónustu og heilsugæslu verði til að ræða samstarf og ábyrgð hvers sviðs fyrir sig.

Skólaþjónustan verði í sambandi við nágretta sveitarfélög/skólaþjónustur um samvinnu og samstarf eins og námskeið og símenntun starfsmanna.

Starfsfólk skólaþjónustu ber ábyrgð á að boða fundi, skrá fundargerð og vinna úr fundum eftir því sem við á.

## 2.2. Forvarnarstarf

Lýðheilsuteymi Grindavíkurbæjar heldur utan um lýðheilsu og forvarnir sveitarfélagsins. Í teyminu er fulltrúi skólaþjónustu og leik- og grunnskóla. Fundað er mánaðarlega og fundargerðir teymisins lagðar fram í tómtunda- og menningarnefnd Grindavíkurbæjar. Í skólastefnu er lagt upp úr öflugum forvarnarstarfi fyrir nemendur og starfsfólk og samstarf innan lýðheilsuteymis er einnig í anda lærdómssamfélagsins þar sem allir hafa mismunandi sjónarmið og reynslu fram að færa.

Einnig er unnið að því allt árið að styðja við foreldra í hlutverkum sínum.

Þetta er gert með því að:

Í boði eru námskeið fyrir foreldra í mismunandi leiðum til að takast á við uppeldi barna sinna.

Í boði eru námskeið fyrir starfsfólk skóla til að takast á við hegðun barna í skólanum, til að leysa ágreining og vera í uppbyggilegum samskiptum við heimilin.

Fræðsla er veitt starfsfólki um frávík barna og hegðun sem búast má við í skóla og hvaða leiðir eru til að bregðast við aðstæðum eftir beiðnum frá skólastjórum. Markmiðið er að styðja við skóla án aðgreiningar.

Í boði er að kynna niðurstöður ytra mats fyrir starfsfólki og nemendum í grunnskóla til að styrkja gagnsemi kannana Skólalþúlsins.

Skimað er fyrir lestrarerfiðleikum í 3., 6. og 9. bekk, fyrir erfiðleikum í stærðfræði og talnaskilningi í 3. og 6. bekk og skimað er fyrir framburðarerfiðleikum í 1. bekk. Stuðst er við ákveðið verklag til að fylgja eftir úrræðum og eftirfylgni í kjölfar skimana til að grípa þau börn sem eru í áhættu og koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp.

### 2.3. Þjónustuteymi og úrræði/tillögur í kjölfar greininga.

Í samræmi við niðurstöður úttektar var sett niður skipulag á eftirfylgni með tillögum og úrræðum í kjölfar greininga á frávikum hjá nemendum. Í því skyni er forsjármanni og kennara sendur tölvupóstur nokkrum vikum eftir skilafund, til að svara spurningum um þau úrræði sem sett voru fram á skilafundi. Tilgangurinn er að meta gagnsemi úrræða, notkun þeirra í skóla án aðgreiningar og hvort máli verði formlega lokið eða ekki.

Skilagreinar í kjölfar greininga hafi á að skipa tillögum sem snúa að heimili annars vegar og að skóla hins vegar. Í skólatengdum tillögum komi fram nálgun og vinna í námsumhverfi nemenda til að tryggja jafnan rétt nemenda til náms. Á skilafundi er samtal milli greiningaraðila, forsjármanna og kennara um leiðir til að mæta nemanda. Þar gefst kennara tækifæri til að miðla hugmyndum sínum um betri kennslu og leiðir í anda lærdómssamfélags.

Skýrt sé kveðið á um í uppgjöri á eftirfylgni hvort máli sé lokið hjá skólaþjónustu eða hvort farið verði í frekari aðgerðir.

Teymisfundir vegna barna, þar sem verið er að samræma aðgerðir, upplýsa um stöðu og ákveða næstu skref eru mikilvægir í ákveðnum tilvikum. Rýna þarf í hlutverk í teymlum og ábyrgð þannig að verklag við slíka vinnu verði öllum skýr sem koma að málum. Árangur verður sýnilegur í verklagsreglum sem skólar hafa á að skipa.

## 3. Símenntun

Líkt og á síðasta ári eru áherslur að vinna að innra starfi og samstarfi við aðrar skólaþjónustur. Símenntun þetta skólaár tekur mið af faglegu samráði og samstarfi við aðrar skólaskrifstofur sem og samstarf við skóla innan Grindavíkurbæjar til að vinna að umbótaáætlun skólaþjónustunnar. Stefnt er að vettvangsferð starfsmanna þegar aðstæður leyfa.

Starfsfólk skólaþjónustu nýtir sér rafrænar ráðstefnur og námskeið í þessum aðstæðum. Á þessum tímum er óvenjumikið af slíku í boði og nýtist vel.

## 4. Mat á skólastarfi

Ytra mat sveitarfélags á skólastarfi felst í fyrirlögn á skólalþúlsinum og rýni í gögn skóla. Einnig er stuðst við Skólavogina varðandi rekstarþætti grunnskólans.

Á skólaárinu 2020-2021 eru kannanir skólalþúlsins:

- a. Nemendakönnun í 1.-5. bekk.
- b. Nemendakönnun í 6.-10. bekk.
- c. Foreldrakönnun grunnskóla
- d. Starfsmannakönnun leikskólabarna
- e. Úttekt á starfsemi tónlistarskóla

Rýni í gögn skóla á við leik- og grunnskóla. Þá eru starfsáætlanir, ársskýrslur, skýrslur um innra mat og námskrár metnar. Eftir atvikum getur verið um fleiri gögn að ræða.

Niðurstöður ytra mats eru kynntar í fræðslunefnd, fyrir starfsfólki skólanna og birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.

## **5. Fræðslunefnd**

Reglulegir fundir fræðslunefndar verða fyrsta fimmtudag í mánuði.